

Hagvísar Seðlabanka Íslands

Yfirlit um þróun efnahagsmála



Seðlabanki Íslands

Janúar 2005

Yfirlit efnahagsmála

- Ýmsar veltutölur benda til lítilla hægari aukningar eftirspurnar síðari hluta sl. árs, en vísbendingar eru um að bætt hafi í vöxtinn á ný síðustu tvo mánuðina. Vöxtur skatttekna var heldur hægari frá miðju sumri til nóvemberloka og árstíðarleiddrétt heildarvelta, sérstaklega innanlandsvelta, var nokkuð hægari í september og október. Þá hefur dregið úr vexti sementssölu. Á móti var vöxtur greiðslukortaveltu meiri en fyrr á árinu á síðasta fjórðungi ársins.
- Vísbendingar af vinnumarkaði benda til þess að umskipti hafi orðið um eða eftir mitt síðastliðið ár. Árstíðarleiddrétt atvinnuleysi minnkaði jafnt og þétt frá sumarlokum, framboð starfa hjá vinnumiðlunum jókst og innflutningur vinnuafis einnig. Niðurstöður vinnumarkaðskönnunar Hagstofu Íslands fyrir fjórða ársfjórðung 2004 sýna einnig aukna vinnuafisnotkun á fjórða ársfjórðungi 2004 miðað við sama fjórðung 2003. Þróunin virðist þó vera nokkuð mismunandi eftir kyni, aldri og búsetu.
- Lítið lát virðist vera á hækkun fasteignaverðs í kjölfar aukins framboðs á lánsfé. Í desember 2004 var verðvísitala allra íbúða á höfuðborgarsvæðinu rúmlega 23% hærra en í sama mánuði 2003. Verð í sérbylí hækkaði mun meira en í fjölbylí, eða um 35%. Aukið framboð á lánsfé kemur einnig fram í aukinni veltu á fasteignamarkaði og fjölgun kaupsamninga, eins og greint er frá í kafla VI.
- Í lok desember nam tólf mánaða vöxtur innlendra útlána innlánsstofnana 37,9%. Hefur vöxturinn ekki verið meiri í fjögur ár. Útlán innlánastofnana til heimilanna jukust um 63%. Á móti kemur að dregið hefur úr útlánnum Íbúðalánasjóðs til heimilanna og samdráttur orðið í sjóðfélagalánunum lífeyrissjóða á tímabilinu.

I Verðlagsþróun og verðbólguvæntingar

Verðbólga jókst í janúar, fjórða mánuðinn í röð og var á þolmörkum verðbólgu markmiðsins, eða 4%. Sem fyrr vó hækkun markaðsverðs húsnæðis þungt. Markaðsverð húsnæðis hækkaði um 2,9% milli mánaða (vísitöluáhrif 0,39%) og hefur húsnæðisliður vísitöluunnar hækkað um 11,5% sl. tólf mánuði. Eins og algengt er í janúar hækkuðu gjaldskrár opinberrar þjónustu einnig nokkuð, eða um 4,4% frá fyrra mánuði. Verðlag þjónustu einkaaðila hækkaði einnig meira en um langt skeið. Hins vegar lækkaði verð á bensíni og olíum þriðja mánuðinn í röð, nú um 5,7% milli mánaða, en hækkunin síðustu tólf mánuði var 4,3%. Útsöluáhrifin voru svipuð og fyrir ári en verð á fötum og skóm lækkaði um 10,0% milli mánaða.

Verðbólguálag ríkisskuldabréfa var nokkru lægra fyrri hluta janúarmánaðar en í desembermánuði. (Þann fyrirvara verður að gera um þróun reiknaðs verðbólguálags að undanfögnu að skuldabréfaflokkurinn RIKS 05, sem notaður er við útreikningana er á gjalddaga í apríl 2005. Því hafa lítil viðskipti verið með hann að undanfögnu.)

- Vísitala neysliverðs hækkaði um 0,08% í janúar frá fyrra mánuði.
- Kjarnavísitala 1 hækkaði um 0,3% milli mánaða og var tólf mánaða hækkun hennar 3,9%.
- Kjarnavísitala 2 (án opinberrar þjónustu) lækkaði um 0,1% en tólf mánaða hækkun hennar var 4%.
- Vístala neysliverðs án húsnæðis lækkaði um 0,56% milli mánaða og var tólf mánaða hækkun hennar 2,1%.
- Verðlag þjónustu einkaaðila (almenn þjónusta) hækkaði um 0,9% frá fyrri mánuði og 3,6% á tólf mánuðum.

II Framleiðsla og eftirspurn

Vísbendingar eru um að einkaneysla hafi aukist aðeins hægar frá sumri og fram undir lok ársins. Frá miðju sumri og til nóvemberloka hægði aðeins á vexti skattekna ríkissjóðs en vöxturinn var þó 8% á tímabilinu ágúst til nóvember miðað við sama tíma 2003. Enn hækka innflutningstekjur hraðar en tekjur af tekjuskatti einstaklinga og virðisaukaskatti en bilið hefur minnkað frá miðju ári. Árstíðarleiðrétt aukning heildarveltu, sérstaklega innanlandsveltu, var nokkru hægar í september og október sl. en fyrr á árinu. Einnig hefur nokkuð dregið úr sementssölu frá miðju ári og í desember sl. var einungis selt 7% meira sement en fyrir ári og hefur vöxturinn ekki verið minni frá miðju ári 2003. Á árinu öllu var salan rúmlega 40% meiri en árið 2003, hin mesta frá árinu 1990. Sala sements til stóriðju- og virkjanaframkvæmda var um fimmtungur af heildarsölunni. Hins vegar jókst ársvöxtur staðvirtrar greiðslukortaveltu nokkuð í desember og á síðasta fjórðungi ársins.

Væntingavísitala Gallup hækkaði í janúar eftir samfellda lækkun næstu þrjá mánuði á undan. Mat á núverandi ástandi sem og væntingar til 6 mánaða bötunðu verulega. Þá hækkar mat á efnahagslífi mikið en mat á atvinnulífinu minna.

- Heildarvelta að teknu tilliti til árstíðarsveiflu jókst í september og október um 7,7% frá fyrra ári og innanlandsveltan um 6,2%.
- Staðvirt greiðslukortavelta í desember sl. var 12,2% meiri en fyrir tólf mánuðum. Miðað við síðasta fjórðung ársins nam ársvöxturinn 11% og 8,9% á árinu öllu.
- Á árinu 2004 jókst dagvöruvelta um 2,3% að raunvirði frá fyrra ári.
- Í janúar hækkaði væntingavísitala Gallup um tæplega 18 stig og mældist 128,9 stig.

III Utanríkisviðskipti og ytri skilyrði

Vöruviðskipti við útlönd voru mikil í nóvember og var ársvöxtur bæði útflutnings og innflutnings meiri en fyrr á árinu. Fimmtungi meiri útflutning má rekja til þess að útflutningur sjávarafurða var nokkru meiri en fyrir ári og að útflutningur lyfja, lækningatækja og áls jókst verulega. Þriðjungs vöxt innflutnings í nóvember má einkum rekja til meiri innflutnings eldsneytis, hrá- og rekstrarvöru og fjárfestingarvöru.

Aflabrögð í desember sl. voru heldur lakari en fyrir ári þar sem minna aflaðist af uppsjávarafla, en botnfiskaflinn var álíka mikill og í desember 2003. Heildaraflinn á árinu öllu var nokkru minni en á fyrra ári vegna minni uppsjávarafla. Afli botnfisktegunda jókst hins vegar um rúmlega 20 þús. tonn aðallega í verðmætustu tegundunum, þorski, ýsu og ufsa. Útflutningsverðlag botnfiskafurða í isl. krónum var því sem næst það sama í desember sl. og fyrir ári síðan.

Hráolíuverð hækkaði á ný í upphafi árs í takt við aukna eftirspurn vegna kulda í Norður-Ameríku og minni framleiðslukvóta OPEC-landanna. Fyrstu þrjár vikur janúar var verðið að meðaltali 10% hærra en í desembermánuði. Framvirkt verð bendir til þess að olíuverð haldist áfram hátt út þetta ár. Bensínverð hefur fylgt í kjölfarið og hækkað um rúmlega 12% undanfarnar 4 vikur. Hrávöruverð án olíu hefur farið lækkandi frá miðju síðasta ári. Í dollurum talið hefur matvælaverð lækkað einna mest, en verðlag iðnaðarvöru hefur hækkað. Álverð heldur áfram að hækka í takt við aukna spurn eftir áli.

- Í nóvember var halli á vöruskiptajöfnuði 2,5 ma.kr. eða 2,3 ma.kr meiri en á sama tíma í fyrra. Fyrstu ellefu mánuði ársins nam hallinn 35,2 milljörðum en var 14,3 á sama tíma í fyrra.
- Á föstu gengi var útflutningur í mánuðinum 21% meiri en í nóvember 2003, en fyrstu 11 mánuði ársins nam vöxturinn 9% á föstu gengi, að skipa- og flugvélaviðskiptum frátöldum.

- Útflutningsverðmæti sjávarafurða jókst um 7% á föstu gengi til nóvemberloka 2004 frá sama tíma 2003.
- Verðlag sjávarafurða í erlendri mynt hækkaði stöðugt frá vormánuðum 2004 út árið en var að meðaltali tæplega 2% lægra árið 2004 en árið á undan.
- Í nóvember var vöruinnflutningur án skipa og flugvéla rúmlega 33% meiri en fyrir ári, en fyrstu 11 mánuði ársins nam vöxturinn rúmlega 17%.

IV Vinnumarkaður

Greinileg merki eru um umskipti á vinnumarkaði á síðari hluta sl. árs. Árstíðarleidirétt atvinnuleysi hefur minnkað jafnt og þétt frá því það var mest í júlí og ágúst sl. Lausum störfum fjölgað áfram, mest á höfuðborgarsvæðinu. Nokkurt misræmi virðist hins vegar vera milli eftirspurnar og framboðs á vinnuafli, sem kemur fram í aukinni útgáfu nýrra atvinnuleyfa og verra atvinnuástandi meðal kvenna á landsbyggðinni.

Samkvæmt vinnumarkaðskönnun Hagstofu jókst vinnuafslnotkun á fjórða ársfjórðungi 2004 miðað við sama tíma 2003 en atvinnuþátttaka og heildarvinnumagn dróst saman. Eftirspurn eftir vinnuafli er þó afar mismunandi eftir kyni, búsetu og aldri. Atvinnuástandið meðal karla, fólks á höfuðborgarsvæðinu og þeirra sem tilheyra yngsta og elsta aldurshópnum batnar en staða kvenna á landsbyggðinni versnar á alla mælikvarða.

Þrátt fyrir aukna eftirspurn eftir vinnuafli og skort í sumum greinum, virðist launaskrið ekki enn gera vart við sig. Launavísitalan hækkaði um 4,7% á árinu 2004 frá árinu á undan og jókst kaupmáttur fastra launa því um 1,4% milli ára.

- Árstíðarleidirétt atvinnuleysi var 2,8% í desember.
- Lausum störfum fjölgaði um 70% á síðasta ársfjórðungi 2004 miðað við sama fjórðung 2003, mest á höfuðborgarsvæðinu þar sem störfum fjölgaði um 150%.
- Ný atvinnuleyfi voru tvöfalt fleiri á síðasta fjórðungi síðasta árs en á sama tíma 2003.
- Vinnuafslnotkun (fjöldi starfandi) jókst um 2% á fjórða ársfjórðungi 2004 miðað við sama tíma árið áður, atvinnuþátttaka minnkaði um 0,7 prósentur og heildarvinnumagn dróst saman um 0,5%.
- Atvinnuleysi, bæði skráð hjá vinnumiðlunum og samkvæmt vinnumarkaðskönnun Hagstofu, var 3,1% árið 2004 eða 0,3 prósentum minna en árið 2003.
- Atvinnuþátttaka var 80,8% árið 2004 og minnkaði um 1,4 prósentur milli ára.
- Á fjórða ársfjórðungi hækkaði launavísitala um 5,6% frá sama fjórðungi 2003. Hækkunin nam 5,7% á almennum vinnumarkaði en 5,3% hjá opinberum starfsmönnum og bankamönnum.

V Opinber fjármál

Gjöld ríkissjóðs umfram tekjur voru 9 ma.kr. til nóvemberloka 2004. Ef leiðrétt er fyrir bókhaldsbreytingum og eignasölu var 4 ma.kr. halli, sem er bati um 18 ma.kr. frá sama tíma í fyrra.

Ef niðurstaðan í desember verður í takt við þróun á milli ára á tímabilinu ágúst til nóvember verða innheimtar tekjur svipaðar og greidd gjöld. Raunhækkun tekna milli ára yrði þá um 10% ef horft er framhjá eignasölu fyrra árs, en markmið fjárlaga og fjáráukalaga er ríflega 7%. Miðað við sömu forsendur hækka regluleg gjöld ríkissjóðs um 2% að raunvirði milli ára, en markmið fjárlaga var um 1%.

- Tekur ríkissjóðs frá ágúst til nóvemberloka voru tæplega 11% hærri að raungildi og gjöld um 5½% hærri en sömu mánuði 2003.
- Innlendar lántökur ríkissjóðs voru 4 ma.kr. umfram afborganir til nóvemberloka 2004.
- Lánsfjárfjöfnuður var á sama tíma nær 18 ma.kr. ef leiðrétt er fyrir bókhaldsbreytingum. Féð hefur verið notað til að greiða niður erlend lán og lífeyrisskuldbindingar.

VI Eignamarkaðir

Úrvalsvísitalan hækkaði um tæplega 60% á sl. ári, svipað og árið 2003. Þetta er mun meiri hækkun en víðast erlendis, eða næstum sexföld hækkun heimsvísitölu Morgan Stanley. Gengi hlutabréfa hélt áfram að hækka í janúar og var tæplega 7% hærra í byrjun vikunnar en í lok sl. árs.

Fasteignaverð hefur hækkað umtalsvert í kjölfar aukins framboðs á lánsfé. Á síðasta fjórðungi ársins hafði verðvísitala allra íbúða á höfuðborgarsvæðinu hækkað um rúm 18% frá sama tíma 2003 og var það mesta árhækkun frá miðju ári 2001. Verðhækkun sérbylis nam rúmlega 26%, en verðlag íbúða í fjölbýli hækkaði um tæplega 16%. Aukið framboð á lánsfé endurspeglar einnig í töluverðri veltuaukningu og fjölgun kaupsamninga.

- Á fjórða ársfjórðungi 2004 jókst velta á fasteignamarkaði um rúm 80% frá sama ársfjórðungi 2003 og um tæp 58% frá þriðja ársfjórðungi.
- Kaupsamningum fjölgaði um rúm 43% milli þriðja og fjórða ársfjórðungs.
- Verðvísitala íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu hækkaði um 2,5% í desember 2004 frá fyrra mánuði og hafði hækkað um 23,3% sl. tólf mánuði.
- Kaupsamningum fjölgaði um tæp 19% og velta jókst um rúm 40% á árinu 2004 frá árinu 2003.

VII Fjármálamarkaður

Aðhaldsstig peningastefnunnar hefur aukist lítillega það sem af er ári ef miðað er við raunstýrivexti. Skammtímavaxtamunur við útlönd var einnig lítillega meiri fyrri hluta janúar en í desember 2004. Jafnframt hélt gengi krónunnar áfram að styrkjast, einkum gagnvart evru og bresku pundi. Útlán innlánsstofnana aukast enn og í lok desember nam tólf mánaða vöxtur þeirra 37,9%, sem er 3 prósentum meiri vöxtur en í nóvember. Að hluta skýrist hraður útlánvöxtur af flutningi útlána til heimila frá Íbúðalánasjóði og lífeyrissjóðum til innlánsstofnana.

- Raunstýrivextir hafa haldist u.þ.b. 4% síðan Seðlabankinn tilkynnti um síðustu vaxtahækkun, þann 2. desember 2004, en verið lítillega hærri fyrri hluta janúarmánaðar. (Sjá athugasemd vegna útreikninga verðbólguálags í kafla I.)
- Skammtímavaxtamunur við útlönd var að meðaltali 5,35 prósentur fyrri hluta janúar eða 0,1 prósentu meiri en að meðaltali í desember 2004.
- Fyrri hluta janúarmánaðar var meðalgengi krónunnar 0,7% hærra en síðari hluta desember 2004. Bandaríkjadalur styrktist um 0,9% á móti krónunni, evran veiktist um 1,8% og breska pundið um 1,2%. Gengi krónunnar hækkaði um 8,4% á árinu 2004.

VIII Erlend efnahagsmál

Spár benda til þess að hagvöxtur í helstu löndum heims verði minni í ár en í fyrra. Í janúar lækkaði Concensus Forecast hagvaxtarspá fyrir Japan, þar sem dregið hefur úr vexti á útflutningsmörkuðum og illa gengur að örva innlandseftirspurn. Iðnaðarframleiðsla jókst heldur í nóvember en annars hefur verið samdráttur í framleiðslu frá því

um mitt sl. sumar og störfum hefur fækkað. Hátt gengi evru dregur úr vexti útflutnings á evrusvæði og heldur aftur af hagvexti. Atvinnuleysi hefur verið 8,9% frá því í mars 2003. Í Bretlandi eru hagvísar nokkuð misvísandi en útlit er fyrir nokkru minni hagvöxt árið 2005 en 2004. Atvinnuleysi er ennþá lítið og verðbólga undir verðból gumarkmiði Englandsbanka. Illa hefur hins vegar gengið í framleiðslugeiranum frá því sl. haust og vísendingar eru um minni vöxt í þjónustugeira. Hægt hefur á hækkun húsnæðisverðs og dregið úr vexti einkaneyslu. Í Bandaríkjunum eru einnig horfur á minni hagvexti í ár en þó allgóðum. Iðnaðarframleiðsla jókst umfram væntingar í desember og vísitala innkaupastjóra einnig, sem bendir til uppgangs í framleiðslugeira. Atvinnuleysi er þó enn óbreytt og mun meira en að jafnaði í uppsveiflu.

- Vísitala neysluverðs í Bandaríkjunum lækkaði í desember vegna lækkandi orkuverðs. Tólf mánaða verðbólga mældist 3,3% en kjarnaverðbólga er minni.
- Samkvæmt mánaðarlegri könnun á vegum Evrópusambandsins lækkuðu bæði væntingar neytenda og atvinnurekenda á evrusvæðinu í desember.
- Samkvæmt spá Consensus Forecast:
 - Var hagvöxtur á evrusvæðinu 1,8% í fyrra en spáð er 1,7% vexti nú í ár.
 - Er áætlað að hagvöxtur í Bandaríkjunum árið 2004 hafi verið 4,4%, en spáð er 3,6% vexti í ár.
 - Er áætlað að í Bretlandi hafi hagvöxtur verið 3,2% árið 2004 en 2,5% árið 2005.
 - Minnkar hagvöxtur í Japan úr 2,9% árið 2004 í 1,1% í ár.

Í Hagvísunum er notast við talnagögn sem tiltæk voru 25. janúar 2005.

Yfirlitstafla Hagvísu

I Verðlagsþróun og verðbólguvæntingar ¹	Nýjasta tímabil	Nýjasta gildi	Breyting (%)			Áhrif á VNV sl. 12 mán.(%)	12 mán. br. fyrir ári (%)
			frá fyrri mánuði	yfir 6 mánuði ²	yfir 12 mánuði		
Vísitala neysluverðs (VNV) (maí 1988=100)	janúar '05	239,2	0,1	4,0	4,0	.	2,4
Kjarnavísitala 1 (VNV án búvöru, grænmetis, ávaxta og bensins)	janúar '05	135,3	0,3	4,3	3,9	3,6	2,7
Kjarnavísitala 2 (kjarnavísitala 1 án opinberrar þjónustu)	janúar '05	135,1	-0,1	3,6	4,0	3,3	2,0
Innlendar vörur án búvöru og grænmetis	janúar '05	131,0	-0,2	2,0	1,8	0,2	1,5
Búvörur og grænmeti	janúar '05	123,8	1,1	7,5	5,1	0,3	-0,1
Innfluttar vörur án áfengis og tóbaks	janúar '05	108,8	-3,1	-3,2	0,1	0,0	0,3
- mat- og drykkjarvörur	janúar '05	121,4	-0,2	0,3	-3,8	-0,1	-1,1
- nýr bíll og varahlutir	janúar '05	120,5	0,6	2,7	2,2	0,1	3,5
- bensín	janúar '05	129,3	-5,7	-8,3	4,3	0,2	1,6
- innfluttar vörur aðrar	janúar '05	96,9	-4,3	-4,8	-1,0	-0,2	-1,1
Húsnæði	janúar '05	191,7	1,9	13,4	11,5	2,1	7,9
Opinber þjónusta	janúar '05	142,3	4,4	9,5	3,6	0,3	9,1
Önnur þjónusta	janúar '05	142,2	0,9	2,7	3,6	0,8	0,7
Dagvara	janúar '05	124,0	0,5	3,6	-0,2	0,0	0,6
Innflutningsgengisvísitala (31. des. 1994=100)	31. desember '04	95,7	-4,2	-16,2	-8,4	.	-1,4

Verðbólguvæntingar m.v. verðbólguálag vaxta ³	Nýjasta tímabil	12 mán. verðbólga	Vænt Breyt. frá Vænt 12 m. síðustu verðbólga könnun fyrir ári		Vænt verðbólga á ársvarða næstu um verðb. 2 ár 3 ár		Hugmynd sl. 12 mán.
			sl. 12 mán.	sl. 12 mán.	sl. 12 mán.	sl. 12 mán.	
Verðbólguvæntingar m.v. verðbólguálag vaxta ³	21. janúar '05	3,6	.	.	3,7	3,7	.
Verðbólguvæntingar fyrirtækja	september '04	3,6	0,8	2,9	3,2	.	.
Verðbólguvæntingar almennings	nóvember '04	3,9	-0,1	3,1	.	.	3,2

1. Grunn tímabil vísitalna: Vísitala neysluverðs: maí 1988; aðrar verðvísitalur undirflokkna: mars 1997=100. 2. Umreiknað til árshraða. 3. Reiknað verðbólguálag til 2 og 3 ára miðað við mismun ávöxtunarkröfu óverðtryggðra ríkisbréfa og verðtryggðra spariskírteina með sama líftíma.

II Framleiðsla og eftirspurn	Nýjasta tímabil	Nýjasta gildi	Gildi fyrir ári	Breyting í % frá		Frá ársbyrjun	
				næsta tíma-bili á undan	fyrri ári	Gildi	Breyt. frá f. ári (%)
Landsframleiðsla (ma.kr.)	3. ársfj. '04	225,8	205,0	.	7,4	646,6	5,9
Þjódarútgjöld (ma.kr.)	3. ársfj. '04	231,3	212,1	.	6,0	676,2	7,6
Einkaneysla (ma.kr.)	3. ársfj. '04	120,9	111,1	.	5,8	360,8	6,7
Samneysla (ma.kr.)	3. ársfj. '04	56,5	52,9	.	2,4	167,8	2,2
Fjármunamyndun (ma.kr.)	3. ársfj. '04	54,5	48,0	.	10,0	146,9	15,7
Útflutningur vöru og þjónustu (ma.kr.)	3. ársfj. '04	91,4	80,2	.	11,0	240,1	7,5
Innflutningur vöru og þjónustu (ma.kr.)	3. ársfj. '04	-96,9	-87,4	.	7,3	-269,7	11,7
Velta innanlandsgreina skv. virðisaukaskýrslum (ma.kr.) ¹ ..	sept.-okt. '04	175,6	159,7	3,0	6,2	813,7	9,8
Dagvöruvelta (nóv. 2001=100)	desember '04	149,4	144,7	37,2	3,2	114,8	3,7
Greiðslukortavelta (ma.kr.) ¹	desember '04	57,2	50,0	-2,3	12,2	573,3	8,9
Velta skráðra fyrirtækja (ma.kr.)	jan.-sept. '04	187,2	154,4	.	21,3	187,2	21,3
Sementssala (þús. tonn)	desember '04	11,4	10,7	-37,4	7,0	197,2	40,8
Nýskráning bifreiða (stk.)	nóvember '04	1.303	902	3,7	44,5	15.153	27,6

Skýring: Allar breytingar fjárhæða á milli tímabila eru raunbreytingar. 1. Breytingar eru reiknaðar út frá árstíðarleiðrétum tölum.

III Utanríkisviðskipti og ytri skilyrði	Nýjasta tímabil	Nýjasta gildi	Gildi fyrir ári	Breyting í % frá		Frá ársbyrjun	
				næsta tíma-bili á undan	fyrri ári	Gildi	Breyt. frá f. ári (%)
Verðlag sjávarafurða í erlendum gjaldmiðli (jan. 1999 = 100)	desember '04	100,1	94,8	2,3	5,5	95,6	-1,9
Verðlag áls á heimsmarkaði (\$/tonn)	desember '04	1.849	1.555	1,9	18,9	1.717	20,0
Verð olíu á heimsmarkaði (\$/fat)	desember '04	39,7	29,9	-7,9	32,7	38,4	33,8
Botnfiskafli (þús. tonn)	desember '04	36,9	35,1	-24,2	5,3	524,0	4,5
Uppsjávarafli (þús. tonn)	desember '04	44,6	52,7	-48,9	-15,5	1.168,8	-18,4
Vöruútflutningur (án skipa og flugvéla, ma.kr.) ¹	nóvember '04	18,7	16,0	11,6	21,7	183,7	10,4
- sjávarafurðir (ma.kr.) ¹	nóvember '04	11,7	9,5	25,2	28,1	111,3	6,9
- ál (ma.kr.) ¹	nóvember '04	3,0	2,6	-13,4	23,3	34,2	8,7
- aðrar iðnaðarvörur (ma.kr.) ¹	nóvember '04	3,3	3,2	3,9	8,2	31,2	21,1
Vöruinnflutningur (án skipa og flugvéla, ma.kr.) ¹	nóvember '04	21,2	16,2	6,0	36,0	212,5	19,3
Vöruskiptajöfnuður (án skipa og flugvéla, ma.kr.) ¹	nóvember '04	-2,5	-0,2	.	.	-28,8	.
Útflutningur þjónustu (ma.kr.) ¹	3. ársfj. '04	41,4	35,7	48,3	19,2	91,2	12,5
Innflutningur þjónustu (ma.kr.) ¹	3. ársfj. '04	34,5	32,7	5,4	8,7	95,1	12,4
Raugengi m.v. verðlag (1980=100)	4. ársfj. '04	98,6	93,3	1,6	5,7	97,0	3,0

1. Breytingar á vöru- og þjónustuviðskiptum við útlönd eru á föstu gengi.

	Nýjasta tímabil	Nýjasta gildi	Gildi fyrir ári	Breyting í % frá ¹		Frá ársbyrjun ²	
				næsta tíma-bili á undan	fyrri ári	Gildi	Breyt. frá fyrri ári (%)
IV Vinnumarkaður og tekjur							
Fjöldi atvinnulausra.....	desember '04	4.088	4.728	203	-640	4.564	-6,7
Hlutfall atvinnulausra, árstíðarleiðrétt (% af mannafla).....	desember '04	2,8	3,2	-0,1	-0,4	3,1	-0,2
Atvinnuleysi skv. vinnumarkaðskönnun (% af mannafla).....	4. ársfj. '04	2,5	2,9	-0,1	-0,4	3,1	-0,3
Laus störf á vinnumiðlunum.....	desember '04	727	390	9,8	86,4	668	45,4
Útgáfa nýrra atvinnuleyfa.....	desember '04	168	68	3,1	147,1	1.581	84,3
Útgáfa atvinnuleyfa alls.....	desember '04	394	278	4,0	41,7	3.750	13,7
Launavísitala (des. 1988=100).....	desember '04	255,5	241,0	0,7	6,0	250,3	4,7
Kaupmáttur launa m.v. launavísitölu (1990=100).....	desember '04	133,5	130,9	0,2	2,0	133,5	1,5

1. Breytingar á fjölda atvinnulausra sýna fjölgun/lækkun; breytingar á hlutfalli atvinnulausra sýna hækkun/lækkun (einingin prósent); allar breytingar vísitalna og breytingar á útgáfu atvinnuleyfa og fjölda lausra starfa eru hlutfallslegar (%). 2. Meðal mánaðarlegur fjöldi atvinnulausra og lausra starfa það sem af er árinu, meðaltal atvinnuleysishlutfalls en uppsafnaður fjöldi atvinnuleyfa. Breytingar á hlutfalli atvinnulausra sýna hækkun/lækkun (einingin prósent); allar aðrar breytingar eru hlutfallslegar (%).

	Nýjasta tímabil	Nýjasta gildi	Gildi fyrir ári	Breyting í % frá		Frá ársbyrjun	
				næsta tíma-bili á undan	fyrri ári	Gildi	Breyt. frá f. ári (%)
V Opinber fjármál							
Tekjuafgangur ríkissjóðs (ma.kr.).....	nóvember '04	-0,7	-1,7	.	.	-4,2	.
Tekjuafgangur ríkissjóðs, hlutfall af tekjum (%).....	nóvember '04	-3,0	-8,2	.	.	-1,7	.
Hrein lánsfjárförf (ma.kr.).....	nóvember '04	3,8	-0,7	.	.	17,7	.
Hrein lánsfjárförf (% af tekjum).....	nóvember '04	16,0	-3,3	.	.	7,2	.
Tekjur ríkissjóðs (ma.kr.).....	nóvember '04	23,7	20,7	-0,5	10,7	247,7	10,1
- af virðisaukaskatti (ma.kr.).....	nóvember '04	8,0	7,2	-2,2	7,7	79,9	9,6
- af staðgreiddum tekjuskatti & tryggingargj. (ma.kr.).....	nóvember '04	7,3	6,5	3,5	8,7	80,7	7,7
- af innflutningi og áfengi (ma.kr.).....	nóvember '04	1,8	1,6	-3,2	13,1	19,1	15,4
Útgjöld ríkissjóðs (ma.kr.).....	nóvember '04	24,5	22,4	1,2	5,4	252,0	1,6









Skýring: Allar tölur nema í tveimur öftustu dálkum miðast við 4 mánaða meðaltöl, fram til þess mánaðar sem tilgreindur er. Allar breytingar fjárhæða á milli tímabila eru raunbreytingar. Breytingar á bókun gjalda gera samanburð þeirra milli 2003 og 2004 vandmeðfarinn.

	Nýjasta tímabil	Nýjasta gildi	Gildi fyrir ári	Breyting í % frá		Frá ársbyrjun	
				næsta tíma-bili á undan	fyrri ári	Meðal-tal	Breyt. frá f. ári (%)
VI Eignamarkaðir							
Úrvals-vísitala, mánaðarmeðaltal (des. 1997=1,000).....	desember '04	3.380,2	2.077,6	-1,3	62,7	2.983,9	86,0
Heildarvísitala aðallista, mánaðarmeðaltal (des. 1997=1,000).....	desember '04	3.181,5	2.040,8	-1,4	55,9	2.841,4	73,5
Velta, mánaðarleg (ma.kr.).....	desember '04	89,3	59,1	25,9	51,0	721,4	30,3
Verð íbúða í fjölbýli á höfuðb.svæði (jan. 1994=100).....	nóvember '04	215,8	186,2	3,5	15,9	199,6	11,1
Raunverð íbúða alls á höfuðb.svæði (jan. 1994=100).....	desember '04	157,8	132,9	2,0	18,7	144,8	9,3
Aflahlutdeild (kr./kg.).....	desember '04	1.175	1.250	1,3	-6,0	1.126	-7,9









	Nýjasta tímabil	Nýjasta gildi	Gildi fyrir ári	Breyting í % frá		Frá ársbyrjun	
				næsta tíma-bili á undan	fyrri ári	Meðal-tal	Breyt. frá fyrri ári (%)
VII Fjármálamarkaðir							
Útlán innlánsstofnana til innlendra aðila (ma.kr.).....	desember '04	1.111,1	805,5	2,7	37,9	.	.
að frádrægnis-ætl. gengis- og vísitöluáhrifum ¹ (vísitala) ..	desember '04	265,5	188,4	4,1	40,9	.	.
- að raungildi (jan. 2001=100).....	desember '04	152,5	115,0	2,6	32,7	.	.
Útlán lánakerfisins (ma.kr.).....	september '04	2.593,9	2.159,9	6,2	20,1	.	.
M3 (ma.kr.).....	desember '04	546,3	483,6	-2,4	13,0	.	.
Stýrivextir Seðlabankans (%).....	21. janúar '05	8,3	5,3	0,0	3,0	8,3	3,0
Peningamarkaðsvextir, 3ja mán (%).....	21. janúar '05	8,6	5,2	0,2	3,4	8,6	3,4
Ríkisvixlavextir, 3ja mán (%) ¹	21. janúar '05	7,5	5,1	-0,1	2,5	7,5	2,4
Skammtímaraunvextir 3ja mán r.vix m.v. verðb.álag (%) ²	21. janúar '05	3,5	2,7	0,0	0,8	3,5	0,8
Ávöxtunarkrafa ríkisbréfa, (3 ár, fl. RIKB 07 0209) (%) ²	21. janúar '05	8,2	7,4	0,0	0,8	8,3	0,8
Ávöxtunarkrafa ríkisbréfa, (9 ár, RIKB 13 0517) (%) ²	21. janúar '05	7,5	7,9	-0,3	-0,5	7,5	-0,5
Ávöxtunarkrafa húsbréfa til 25 ára (IBH 26 0315) (%) ²	21. janúar '05	4,6	4,7	0,0	-0,1	4,7	-0,1
Ávöxtunarkrafa húsbréfa til 40 ára (IBH 41 0315) (%) ²	21. janúar '05	4,6	4,7	0,0	0,0	4,7	0,0
Ávöxtunarkrafa spariskirteina til 5 ára (RIKS 05 0410) (%) ²	21. janúar '05	3,5	3,7	0,1	-0,2	3,5	-0,2
Ávöxtunarkrafa spariskirteina til 15 ára (RIKS 15 1001) (%) ²	21. janúar '05	3,5	4,3	-0,2	-0,8	3,5	-0,8
Meðalvextir óverðtryggðra útlána banka og sparisjóða (%) ²	21. janúar '05	13,8	11,7	0,5	2,1	13,8	2,1
Meðalvextir verðtryggðra útlána banka og sparisjóða (%) ²	21. janúar '05	7,5	8,6	0,0	-1,1	7,5	-1,1
Gengisvísitala krónunnar (31. des. 1991=100) ²	21. janúar '05	113,0	121,3	-1,9	-6,8	112,9	-6,7

1. Breytingar milli tímabila eru reiknaðar út frá tölum sem leiðréttar hafa verið fyrir sameiningu reksturs Glitnis og Íslandsbanka í maí 2003. 2. Allar tölur nema í tveimur öftustu dálkum miðast við 4 vikna meðaltöl, til þess dags sem tilgreindur er.





I Verðlagsþróun og verðbólguvæntingar







II Framleiðsla og eftirspurn











II Framleiðsla og eftirspurn






III Utanríkisviðskipti og ytri skilyrði







III Utanríkisviðskipti og ytri skilyrði







III Utanríkisviðskipti og ytri skilyrði







IV Vinnumarkaður og tekjur




IV Vinnumarkaður og tekjur







V Opinber fjármál











V Opinber fjármál










VI Eignamarkaðir











VII Fjármálamarkaðir










VII Fjármálamarkaðir



VIII Alþjóðleg efnahagsmál



VIII Alþjóðleg efnahagsmál



Skýringar við myndir í Hagvísum Seðlabanka Íslands

Mynd 1. Verðbólga (VNV og kjarnavísitölur)

Heimild: Hagstofa Íslands. 12 mánaða %-breyting vísitölu neysluverðs og kjarnavísitalna 1 og 2. Einnig er sýnt verðbólguþéttun Seðlabanka Íslands sem tekið var upp í mars 2001.

Mynd 2. Verðlagsþróun: vörur

Heimild: Hagstofa Íslands. Sýndar eru 12 mánaða %-breytingar vísitölu neysluverðs og tveggja undirliða hennar; innlendra vara án búvara og grænmetis og innfluttra vara án áfengis og tóbaks.

Mynd 3. Verðlagsþróun: húsnæði og þjónusta

Heimild: Hagstofa Íslands. Sýndar eru 12 mánaða %-breytingar vísitölu neysluverðs og þriggja undirliða hennar; húsnæðis, opinberrar þjónustu og annarrar þjónustu.

Mynd 4. Verðlagsþróun: matvara, dagvara og bensín

Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands. Sýndar eru 12 mánaða %-breytingar í verðvísitölum þriggja undirflokka vísitölu neysluverðs; matvöru, dagvöru og bensíns.

Mynd 5. Verð innfluttrar vöru í vísitölu neysluverðs og vöruskiptavegin innflutningsgengisvísitala

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands. Verð á innfluttum vörum án áfengis og tóbaksverðs í vísitölu neysluverðs. Vísitala með meðaltal tímabilsins sem myndin sýnir sem grunnildi. Vöruskiptavegin innflutningsgengisvísitala, meðaltal mánaðar, mars 1997 = 100.

Mynd 6. Undirliðir verðbólgu

Heimild: Hagstofa Íslands. Sýndar eru áhrif breytinga í nokkrum helstu undirflokkum vísitölu neysluverðs á sl. 1, 3, 6 og 12 mánuðum. Flokkarnir eru fimm: innlendar vörur án búvöru og grænmetis, innfluttar vörur án áfengis og tóbaks, húsnæði, opinber þjónusta og þjónusta á almennum markaði.

Mynd 7. Verðbólga á Íslandi og í viðskiptalöndunum

Heimildir: Hagstofa Íslands, Eurostat. Verðbólga á Íslandi og á EES-svæðinu miðað við 12 mánaða breytingu samræmdrar vísitölu neysluverðs (HICP). Verðbólga í viðskiptalöndunum er miðað við 12 mánaða breytingu vísitölu neysluverðs í Bandaríkjunum, Japan og Sviss en 12 mánaða breytingu í samræmdrar vísitölu neysluverðs í öðrum viðskiptalöndum.

Mynd 8. Verðbólguvæntingar

Heimild: Seðlabanki Íslands. Mælikvarðar á verðbólguvæntingar eru annars vegar verðbólguvæntingar almennings og fyrirtækja og hins vegar verðbólguálag ríkisskuldabréfa. Væntingar eru skv. könnunum sem IMG Gallup gerir fyrir Seðlabankann. Á árunum 2000-2002 sá IBM (áður PriceWaterHouseCoopers) um kannanirnar á verðbólguvæntingum almennings. Spurt er hver verðbólgan muni verða næstu 12 mánuði. Verðbólguálag ríkisskuldabréfa til 2 og 3 ára er reiknað út frá ávöxtunarkröfu ríkisvixla, ríkisbréfa og spariskirteina. Búnir eru til ferlar fyrir ávöxtun m.v. tímalengd þar sem brúað (interpolerað) er á milli einstakra flokka óverðtryggðra bréfa og verðtryggðra. Verðbólguálagið er þá munurinn á ávöxtun ferlanna í tilteknum tímalengdum. Fram til 15. apríl 2003 er verðbólguálag sýnt sem hlutfall ávöxtunarkröfu ríkisbréfa og spariskirteina til svipaðrar tímalengdar. Tölur eru í mánaðarlok 2001 - júní 2004 og daglegar frá 1. júlí 2004.

Mynd 9. Ársfjórðungslegur hagvöxtur og þjóðarútgjöld

Heimild: Hagstofa Íslands. Magnbreyting vergrar landsframleiðslu og þjóðarútgjalda frá sama fjórðungi á fyrra ári.

Mynd 10. Ársfjórðungsleg neysla og fjárfesting

Heimild: Hagstofa Íslands. Magnbreyting einkaneyslu, samneyslu og fjárfestingar frá sama fjórðungi á fyrra ári.

Mynd 11. Ársfjórðungsleg utanríkisviðskipti

Heimild: Hagstofa Íslands. Magnbreyting útflutnings og innflutnings frá sama fjórðungi á fyrra ári.

Mynd 12. Velta samkvæmt virðisaukaskattskýrslum

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands. Sýndar eru tölur um heildarveltu og veltu innanlandsgreina. Tölur eru raunvirtar með vísitölu neysluverðs, vísitölu neysluverðs án húsnæðis eða vísitölu neysluverðs án bensíns og húsnæðis, eftir því sem við á, og árstíðarleiddréttar.

Mynd 13. Velta samkvæmt virðisaukaskattskýrslum: nokkrir undirflokkar

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands. Sýndar eru tölur um þrjá undirflokkar; byggingarstarfsemi, smásöluverkslun og þjónustugreinar. Tölur eru raunvirtar með vísitölu neysluverðs, vísitölu neysluverðs án húsnæðis eða vísitölu neysluverðs án bensíns og húsnæðis, eftir því sem við á, en ekki árstíðarleiddréttar.

Mynd 14. Dagvöruvelta

Heimild: Samtök verslunar og þjónustu (SVP). Velta dagvöru í smásölu samkvæmt smásöluvísitölu SVP-IMG. Raunvirt með verðvísitölu dagvöru frá Hagstofu. Nóvember 2001=100. Reiknað er hreyfanlegt þriggja mánaða meðaltal veltu og þannig sýnd bæði vísitala veltu og breyting hennar frá fyrra ári. Vísitalan er reiknuð af IMG skv. upplýsingum sem berast beint frá fyrirtækjum og er miðað við að a.m.k. 80% fyrirtækja í greininni skili upplýsingum.

Mynd 15. Greiðslukortavelta

Heimild: Seðlabanki Íslands. Velta greiðslukorta (samanlögð velta debetkorta og kreditkorta) innanlands og í heild (innanlands og erlendis). Staðvirt er með vísitölu neysliverðs (velta innanlands) og meðalgengisvísitölu (velta erlendis). Sýnd er breyting veltu frá fyrra ári í %, annars vegar í einum mánuði og hins vegar á tímabilinu frá ársbyrjun til loka hvers mánaðar.

Mynd 16. Velta og afkoma skráðra atvinnufyrirtækja

Heimild: Seðlabanki Íslands. Sýnd er raunveltuaukning og eftirfarandi hlutföll af veltu: hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði, hagnaður eftir skatta og fjármagnsliði. Úrtak er parað við fyrra ár og notaðar fyrirliggjandi upplýsingar hverju sinni.

Mynd 17. Sementssala og innflutningur og nýskráning bifreiða

Heimildir: Aalborg Portland Ísland hf., BM Vallá, Bilgreinasambandið, Hagstofa Íslands og Sementsverksmiðjan hf. Samanlögð sementssala þriggja seljenda. Sementssala í hverjum mánuði er árstíðarleiddrétt. Tölur um innflutning bifreiða eru frá Hagstofu og ná yfir fólksbíla eingöngu. Tölur um nýskráningu bifreiða eru frá Bilgreinasambandinu og ná yfir bæði nýjar og notaðar bifreiðir í öllum flokkum (fólks-, hópferða-, vöru- og sendibifreiðir). Í öllum tilvikum er reiknað er þriggja mánaða hreyfanlegt meðaltal og sýnd 12 mánaða breyting þess.

Mynd 18. Raforkusala

Heimild: Orkustofnun. Almenn raforkunotkun (þ.e. án notkunar stóriðju), án notkunar Landsvirkjunar. Árstíðarleiddréttar, mánaðarlegar tölur, sýndar sem breyting þriggja mánaða hreyfanlegs meðaltals yfir 12 mánuði.

Mynd 19. Samningsverð í útboðum og hlutfall samningsverðs og kostnaðaráætlana

Heimildir: Framkvæmdasýsla ríkisins, Innkaupastofnun Reykjavíkur og Vegagerðin. Miðað er við ársfjórðungslegt, vegið meðaltal samninga. Sýnd er fjárhæð samninga og hlutfall samningsverðs og kostnaðaráætlana.

Mynd 20. Væntingavísitölur IMG Gallup

Heimild: IMG Gallup. Væntingavísitala IMG Gallup ásamt vísitölum um mat á núverandi ástandi og væntingar til 6 mánaða.

Mynd 21. Ársfjórðungslegur viðskiptajöfnuður

Heimildir: Seðlabanki og Hagstofa Íslands. Viðskiptajöfnuður sýndur sem hlutfall af (i) vergri landsframleiðslu og (ii) útflutningi vöru og þjónustu í sama ársfjórðungi.

Mynd 22. Vöruskiptajöfnuður sem hlutfall af vöruútflutningi

Heimild: Hagstofa Íslands. Hreyfanlegt 12 mánaða hlutfall.

Mynd 23. Vöruinnflutningur og vöruútflutningur

Heimild: Hagstofa Íslands. Innflutningur eða útflutningur síðustu 12 mánaða sem hlutfall af 12 mánuðum þar á undan.

Mynd 24. Vöruútflutningur

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands. Verðmæti vöruútflutnings, reiknað á föstu gengi m.v. útflutningsvegna meðalgengisvísitölu. Sýnt er 3 mánaða hreyfanlegt meðaltal, fyrir heildarvöruútflutning og vöruútflutning að undanskildum skipum og flugvélum.

Mynd 25. Vöruútflutningur eftir vöruflokkum

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands. Sýnt er útflutningsverðmæti þriggja flokka útflutningsvara (sjávarafurðir, ál og kísiljárn og iðnaðarvörur), reiknað á föstu gengi. Þriggja mánaða hreyfanlegt meðaltal sýnt sem vísitala, janúar 2000=100.

Mynd 26. Árstíðarleiddréttur vöruinnflutningur

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands. Hreyfanlegt 3 mánaða meðaltal vöruinnflutnings er árstíðarleiddrétt. Sett á fast verð og gengi með vísitölu erlends verðlags og meðalgengisvísitölu m.v. innflutning. Vísitala erlends verðlags er fengin með því að vega saman með gengisvog vísitölur verðlags í helstu viðskiptalöndum.

Mynd 27. Verð- og magnþróun í vöruviðskiptum

Heimild: Hagstofa Íslands. Verð og magnþróun innflutnings og útflutnings. Almennur innflutningur jafngildir heildarvöruinnflutningi að frátöldum skipum flugvélum og ýmsum vörum (afgangslíður). Almennur útflutningur jafngildir heildarvöruútflutningi að fráregnum skipum, flugvélum og ýmsum vörum (afgangslíður).

Mynd 28. Þjónustujöfnuður

Heimild: Seðlabanki Íslands. Sýnd er breyting verðmætis útfluttrar og innfluttrar þjónustu frá sama fjórðungi fyrra árs, reiknað á föstu gengi.

Mynd 29. Undirþættir viðskiptajafnaðar

Heimild: Seðlabanki Íslands. Viðskiptajöfnuður í hverjum ársfjórðungi í ma.kr., skipt eftir helstu undirþáttum (vöruskiptajöfnuður, þjónustujöfnuður og þáttatekjujöfnuður.) Rekstrarframlög eru talin með þáttatekjum.

Mynd 30. Mánaðarlegar aflatölur

Heimild: Fiskistofa. Mánaðarlegt aflamagn (í tonnum) botnfisks og uppsjávarfisks.

Mynd 31. Afli og útflutningsverðmæti sjávarafurða

Heimildir: Fiskistofa og Hagstofa Íslands. Afli íslenskra skipa á heimamiðum og fjarimiðum. Sýnt er aflamagn eftir helstu flokkum, uppsafnað frá ársbyrjun til loka næstliðins mánaðar. Verðmæti útfluttra sjávarafurða eftir helstu flokkum eru f.o.b.-tölur á nafnvirði, uppsafnaðar frá áramótum, en ná oftast mánuði styttra fram en tölur um aflamagn.

Mynd 32. Verð á sjávarafurðum og áli

Heimildir: Hagstofa Íslands og London Metal Exchange (LME). Verð sjávarafurða mælt í íslenskum krónum skv. mánaðarlegum verðvísitölum Hagstofu Íslands Það er umreiknað yfir í erlendan gjaldmiðil með því að deila með vöruskiptavog m.v. útflutning. Verð áls frá LME í Bandaríkjadöllum. Sýnd eru mánaðarleg meðaltöl og auk þess nýjasta álverð. Ekki er árstíðarleidd.

Mynd 33. Olíu- og bensínverð

Heimild: Bloomberg. Hráolía, bensín og IPE, framvirkt verð. Sýnd eru mánaðarleg meðaltöl, seinustu dagverð og framvirkt verð næstu fjögurra ársfjórðunga í Bandaríkjadöllum.

Mynd 34. Hrávöruverð á heimsmarkaði

Heimild: EcoWin/Economist. Vikulegar tölur. Sýndar eru tvær vísitölur; hrávöruverð í heild án eldsneytis og verð matvæla, bæði í Bandaríkjadöllum og evrum.

Mynd 35. Ársfjórðungslegt raungengi

Heimild: Seðlabanki Íslands. Ársfjórðungslegar tölur. Raungengi miðað við hlutfallslegt neysluverð annars vegar og hlutfallsleg laun hins vegar.

Mynd 36. Atvinnuleysi

Heimildir: Vinnuálastofnun, Seðlabanki Íslands. Mánaðarlegar tölur. Skráð atvinnuleysi sem hlutfall af mannafla, mælt og árstíðarleidd. Skráð atvinnuleysi er meðalfjöldi einstaklinga sem skráðir eru á atvinnumiðlunum á öllu landinu, sem hlutfall af áætluðum mannafla á vinnumarkaði í hverjum mánuði.

Mynd 37. Störf í boði hjá vinnumiðlunum

Heimild: Vinnuálastofnun. Framboð á lausum störfum hjá vinnumiðlunum í lok hvers mánaðar. Þriggja mánaða hreyfanleg meðaltöl.

Mynd 38. Veitt atvinnuleyfi

Heimild: Vinnuálastofnun. Heildarfjöldi útgefna atvinnuleyfa er sýndur og einnig fjöldi nýrra leyfa (og leyfa vegna nýs vinnustaðar). Þriggja mánaða hreyfanleg meðaltöl.

Mynd 39. Fjöldi starfandi

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands. Frá 2003 er byggt á upplýsingum úr ársfjórðungslegri vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu. Fram til ársins 2003 var byggt á upplýsingum úr staðgreiðslugögnum. Niðurstöður frá og með janúar 2003 eru því ekki fyllilega sambærilegar við fyrri niðurstöður.

Mynd 40. Meðalvinnutími og heildarvinnutími á viku

Heimild: Hagstofa Íslands. Byggt er á upplýsingum úr vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu. Fram til ársins 2003 náði vinnumarkaðsrannsóknin einungis til sinnar hvorrar vikunnar í apríl og nóvember en frá og með janúar 2003 er rannsóknin samfelld, hverju ársfjórðungsúrtaki skipt jafnt á 13 vikur og niðurstöður birtar ársfjórðungslega. Niðurstöður frá og með janúar 2003 eru því ekki fyllilega sambærilegar við fyrri niðurstöður. Heildarvinnutími er margfeldi fjölda þeirra sem voru við vinnu í viðmiðunarviku og meðalvinnutíma þeirra.

Mynd 41. Atvinnuleysi og atvinnuþátttaka skv. könnun Hagstofu

Heimild: Hagstofa Íslands. Byggt er á upplýsingum úr vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu. Fram til ársins 2003 náði vinnumarkaðsrannsóknin einungis til sinnar hvorrar vikunnar í apríl og nóvember en frá og með janúar 2003 er rannsóknin samfelld, hverju ársfjórðungsúrtaki skipt jafnt á 13 vikur og niðurstöður birtar ársfjórðungslega. Niðurstöður frá og með janúar 2003 eru því ekki fyllilega sambærilegar við fyrri niðurstöður.

Mynd 42. Launavísitala og kaupmáttur launa

Heimild: Hagstofa Íslands. 12 mánaða breyting launavísitölunnar, tímabil miðast við útreikningstíma. Kaupmáttur sem launavísitala staðvirk með vísitölu neysluverðs.

Mynd 43. Laun á almennum markaði, hjá opinberum starfsmönnum og launaskrið

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands. Ársfjórðungslegar tölur. Laun á almennum markaði og laun hjá opinberum starfsmönnum og bankamönnum eru undirliðir launavísitölunnar. Tímabil miðast við útreikningstíma vísitölunnar. Launaskrið er hækkun launa á almennum markaði samkvæmt launavísitölu umfram mat hagfræðisviðs á hækkun vegna kjarasamninga. Myndin sýnir launaskrið yfir sl. fjóra ársfjórðunga.

Mynd 44. Tekjuafgangur og hreinn lánsfjárafgangur ríkissjóðs

Heimild: Mánaðaryfirlit Fjársýslu ríkisins í úrvinnslu Seðlabanka Íslands. Tekjuafgangur síðustu fjögurra mánaða sem hlutfall af tekjum sömu mánaða, hvort tveggja raunvirt. Lánsfjárafgangur síðustu fjögurra mánaða sem hlutfall af tekjum sömu mánaða, hvort tveggja raunvirt. Raunvirðing miðað við vísitölu neysluverðs.

Mynd 45. Tekjur og gjöld ríkissjóðs

Heimild: Mánaðaryfirlit Fjársýslu ríkisins í úrvinnslu Seðlabanka Íslands. Innheimtar tekjur og greidd gjöld, 12 mánaða raunbreyting milli fjögurra mánaða hreyfanlegra meðaltala. Raunvirðing miðað við vísitölu neysluverðs.

Mynd 46. Tekjur ríkissjóðs án eignasölu og gjöld án vaxta

Heimild: Mánaðaryfirlit Fjársýslu ríkisins í úrvinnslu Seðlabanka Íslands. Tekjur ríkissjóðs án eignasölu og gjöld ríkissjóðs án vaxta. 12 mánaða raunbreyting milli fjögurra mánaða hreyfanlegra meðaltala. Raunvirðing miðað við vísitölu neysluverðs.

Mynd 47. Þróun skatttekna ríkissjóðs

Heimild: Mánaðaryfirlit Fjársýslu ríkisins í úrvinnslu Seðlabanka Íslands. Þrjú flokkar skatttekna; tekjuskattur einstaklinga og tryggingagjöld, virðisaukaskattur og gjöld tengd innflutningi og áfengi. 12 mánaða raunbreyting milli fjögurra mánaða hreyfanlegra meðaltala. Raunvirðing miðað við vísitölu neysluverðs.

Mynd 48. Þróun ríkisútgjalda

Heimild: Mánaðaryfirlit Fjársýslu ríkisins í úrvinnslu Seðlabanka Íslands. Þrjú tegundaflokkar útgjalda ríkis (eftir málaflokkum); almenn mál, atvinnumál og félagsmál. 12 mánaða raunbreyting milli fjögurra mánaða hreyfanlegra meðaltala. Raunvirðing miðað við vísitölu neysluverðs.

Mynd 49. Hlutaáhrif markaður: Mánaðarleg velta og dagleg verðþróun

Heimild: Kauphöll Íslands. Sýnd er mánaðarleg heildarvelta skráðra hlutabréfa (á þingi og utan þings, Tilboðsmarkaður meðtalinn) og dagleg gildi úrvalsvísitölu og þingvísitölu aðallista. Nýjasta talan um veltu er velta yfirstandandi mánaðar til og með föstudegi fyrir útgáfu Hagvísu.

Mynd 50. Fasteignaverð: íbúðaverð á höfuðborgarsvæði

Heimildir: Fasteignamat ríkisins og Hagstofa Íslands. Núvirt fermetraverð (staðgreiðsluverð) íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu miðað við vísitölu Fasteignamats ríkisins. Sýnd er vísitala raunverðs og 12 mánaða breyting nafnverðs. Mánaðargildin eru hreyfanleg þriggja mánaða meðaltöl.

Mynd 51. Raunverð atvinnuhúsnæðis á höfuðborgarsvæði

Heimildir: Fasteignamat ríkisins, Seðlabanki Íslands. Ársfjórðungstölur. Vegið meðaltal iðnaðar, verslunar og skrifstofuhúsnæðis, 1995=100. Sýnt er bæði einfalt meðaltal samninga og vegið eftir stærð húsnæðis.

Mynd 52. Verð veiðheimilda í þorski

Heimildir: LÍÚ og Kvótáþing. Sýnt er meðalverð hvers mánaðar á aflahlutdeild (varanlegur kvóti) og aflamarki (leigukvóti eða skammtímakvóti) í þorski.

Mynd 53. Útlánaaukning lánakerfisins

Heimild: Seðlabanki Íslands. Breyting frá sama ársfjórðungi síðasta árs. Útlán til heimila, fyrirtækja og útlán alls.

Mynd 54. Skuldir heimilanna við helstu lánastofnanir

Heimild: Seðlabanki Íslands. Skuldir einstaklinga í lok hvers mánaðar við innlánsstofnanir, við lífeyrissjóði og fjárfestingarlánasjóði samanlagt, og við allar framangreindar stofnanir samanlagt. Einnig er sýnd raunbreyting samanlagðra skuldanna frá sama tíma á fyrra ári, raunvirt er með vísitölu neysluverðs.

Mynd 55. M3 og innlend útlán innlánsstofnana

Heimild: Seðlabanki Íslands. 12 mánaða %-breytingar á mánaðarlokatölum. Útlánaþróun er einnig sýnd leiðrétt fyrir áætluðum áhrifum verðlags- og gengisbreytinga á stofn verðtryggðra og gengistryggðra lána. Við útreikning á breytingum milli ára er leiðrétt fyrir innkomu Kaupþings banka og Glitnis í reikninga innlánsstofnana með því að bæta útlánum þeirra við útlán innlánsstofnana á fyrra tímabilinu. Einnig er sýnt raungildi útlána, reiknað miðað við vísitölu neysluverðs.

Mynd 56. Raungildi M3 og innlendra útlána innlánsstofnana

Heimild: Seðlabanki Íslands. Útlán og peningamagn (M3) í lok hvers mánaðar er fært til fasts verðs með vísitölu neysluverðs. Peningamagn er árstíðarleiðrétt. Janúar 2001=100.

Mynd 57. Grunnfé og endurhverf viðskipti við Seðlabankann

Heimild: Seðlabanki Íslands. Grunnfé Seðlabankans og staða endurhverfra viðskipta lánastofnana við Seðlabankann. Sýnd er 12 mánaða breyting þriggja mánaða meðaltala.

Mynd 58. Stýrivextir Seðlabanka Íslands og vextir á peningamarkaði

Heimild: Seðlabanki Íslands. Vikulegar tölur um ávöxtun í endurhverfum verðbréfasamningum Seðlabankans við lánastofnanir og ávöxtun á peningamarkaði á skuldbindingum til eins dags og þriggja mánaða.

Mynd 59. Skammtíma vextir og vaxtamunur við útlönd

Heimild: Seðlabanki Íslands. Munur þriggja mánaða ríkisvixlavaxta á Íslandi og í viðskiptalöndunum. Skammtímaraunvextir eru reiknaðir sem vextir í endurhverfum verðbréfa kaupum Seðlabankans leiðréttir fyrir reiknuðu verðbólguálagi ríkisbréfa til 2 ára (frá 15. apríl 2003). Fram til 15. apríl 2003 var verðbólguálagið metið sem munur á ávöxtunarkröfu óverðtryggðra ríkisbréfa og verðtryggðra spariskírteina. Frá og með júlí 2002 var miðað við flokkana RIKB 07 0209 og RIKS 05 0410 en þar áður var miðað við flokkana RIKB 03 1010 og RIKS 03 0210. Vikulegar tölur.

Mynd 60. Ávöxtunarkrafa óverðtryggðra skuldabréfa

Heimild: Seðlabanki Íslands. Ávöxtun ríkisbréfa miðað við hagstæðasta kauptilboð í flokkana RIKB 07 0209, RIKB 13 0517 og RIKB 10 0317. Daglegar tölur.

Mynd 61. Tímaróf óverðtryggðra vaxta

Heimild: Seðlabanki Íslands. Myndin vinstra megin sýnir REIBOR-vexti á lánum til mislangs tíma. Myndin hægra megin sýnir vexti í kauptilboðum á ríkisvixlum og ríkisbréfum.

Mynd 62. Ávöxtunarkrafa verðtryggðra langtímaskuldabréfa

Heimild: Seðlabanki Íslands. Ávöxtun miðað við hagstæðasta kauptilboð viðskiptavaka í spariskírteini, húsbref og íbúðabref. Sýndir eru flokkarnir RS15 1001, IBH26 0315 og HFF150434. Daglegar tölur.

Mynd 63. Meðalvextir óverðtryggðra útlána banka og sparisjóða, ávöxtun ríkisbréfa og stýrivextir

Heimild: Seðlabanki Íslands. Meðalvextir og meðalkjörvextir á óverðtryggðum skuldabréfalánum banka og sparisjóða, ávöxtunarkrafa ríkisbréfa (flokkur RIKB 07 0209) og vextir í endurhverfum verðbréfa kaupum Seðlabankans.

Mynd 64. Meðalvextir verðtryggðra útlána banka og sparisjóða og ávöxtun spariskírteina

Heimild: Seðlabanki Íslands. Meðalvextir og meðalkjörvextir á verðtryggðum skuldabréfalánum banka og sparisjóða og ávöxtunarkrafa húsbrefa (flokkur IBH 26 0315) og spariskírteina (flokkur RIKS 05 0410).

Mynd 65. Mismunur meðalkjörvaxta og stýrivaxta, mismunur útlánsvaxta banka og ávöxtunarkrafa spariskírteina

Heimild: Seðlabanki Íslands. Mismunur verðtryggðra meðalútlánsvaxta banka og sparisjóða og ávöxtunarkröfu spariskírteina (flokkur RIKS 05 0410) (þessar raðir eru sýndar í mynd 64). Mismunur óverðtryggðra meðalkjörvaxta banka og sparisjóða og vaxta í endurhverfum verðbréfa kaupum Seðlabankans.

Mynd 66. Út- og innlánsvextir banka og sparisjóða (verðtryggð kjör)

Heimild: Seðlabanki Íslands. Vegið meðaltal meðalvaxta verðtryggðra skuldabréfalána og vegið meðaltal innlánsvaxta á verðtryggðum reikningum bundnum í 60 mánuði hjá bönkum og sparisjóðum.

Mynd 67. Gengi krónu gagnvart evru og Bandaríkjadal og gengisskráningarvísitala krónu

Heimild: Seðlabanki Íslands. Gengi evru og Bandaríkjadals gagnvart krónu miðað við skráð opinbert viðmiðunargengi Seðlabanka Íslands og gengisskráningarvísitala krónunnar. Daglegar tölur.

Mynd 68. Nafngengi og raungengi krónu

Heimild: Seðlabanki Íslands. Raungengi krónu, mánaðarlegar tölur miðað við hlutfallslegt neysliverð. Gengisskráningarvísitala íslensku krónunnar, mánaðarleg meðaltöl. Nýjasta gildi gengisskráningarvísitölu er meðaltal þeirra daga sem liðnir eru í mánuðinum fram að útgáfu Hagvísu.

Mynd 69. Verðlagsþróun erlendis

Heimild: EcoWin. Mánaðarlegar 12 mánaða breyting neysliverðs í Bandaríkjunum, á evrusvæðinu, í Bretlandi og Japan.

Mynd 70. Atvinnuleysisþróun erlendis

Heimild: EcoWin. Mánaðarlegar tölur. Árstíðarleiddrétt atvinnuleysi (fjöldi atvinnulausra sem hlutfall af mannafla) í Bandaríkjunum, á evrusvæðinu, í Bretlandi og Japan.

Mynd 71. Iðnaðarframleiðsla erlendis

Heimild: EcoWin. Mánaðarlegar tölur. Árstíðarleiddrétt iðnaðarframleiðsla sem vísitala (2000=100) í Bandaríkjunum, á evrusvæðinu, í Bretlandi og Japan.

Mynd 72. Hagvöxtur erlendis

Heimild: EcoWin. Ársfjórðungslegar tölur. Magnbreyting vergrar landsframleiðslu frá sama fjórðung á fyrra ári í Bandaríkjunum, á evrusvæðinu, í Bretlandi og Japan.

Mynd 73. Vöxtur breiðs peningamagns erlendis

Heimild: EcoWin. Mánaðarlegar tölur. Peningamagn skilgreint sem M3 eða því sem næst.

Mynd 74. Útlánavöxtur innlánsstofnana erlendis

Heimild: EcoWin. Mánaðarlegar tölur. Útlán án markaðsverðbréfa. Tölur fyrir Bretland eru aðeins útlán til einkageira.

Mynd 75. Hlutabréfaverð erlendis

Heimild: EcoWin. Daglegar tölur. Sýndar eru breiðar hlutabréfavisitölur; S&P 500 í Bandaríkjunum, EURO STOXX Index á evrusvæðinu, FTSE 350 í Bretlandi og Nikkei 225 í Japan. Vísitölurnar eru allar settar á 100 í ársbyrjun 2000.

Mynd 76. Stýrivextir seðlabanka erlendis

Heimild: EcoWin. Daglegar tölur um stýrivextir Seðlabanka í Bandaríkjunum, á evrusvæðinu og í Bretlandi.

Mynd 77. Vextir á peningamarkaði erlendis

Heimildir: EcoWin. Daglegar tölur um vexti á peningamarkaði til þriggja mánaða í Bandaríkjunum, á evrusvæðinu og í Bretlandi.

Mynd 78. Vextir 10 ára ríkisskuldabréfa erlendis

Heimild: EcoWin. Daglegar tölur. Vextir 10 ára ríkisskuldabréfa í Bandaríkjunum, á evrusvæðinu, í Japan og Bretlandi.

Mynd 79. Gengi evru gagnvart jeni, Bandaríkjadal og bresku pundi

Heimild: Seðlabanki Íslands. Daglegar vísitölur. Krossgengi miðað við íslenska krónu. Vísitölurnar eru settar á 100 31. desember 2001.

Mynd 80. Hagvaxtarspár fyrir evrusvæðið, Bretland og Þýskaland

Heimild: Concensus Forecasts. Spá um árlegan raunvöxt vergrar landsframleiðslu á evrusvæði, í Bretlandi og Þýskalandi. Byggt á mánaðarlegum spám 240 stofnana víðsvegar um heim sem vegnar eru saman. Sýndar eru spár fyrir næstliðið ár, yfirstandandi ár og næsta ár, og er einn ferill fyrir hvert ár. Hver ferill sýnir því þróun spár um hagvöxt viðkomandi ríkis á viðkomandi ári.

Mynd 81. Hagvaxtarspár fyrir Bandaríkin og Japan

Heimild: Concensus Forecasts. Spá um árlegan raunvöxt vergrar landsframleiðslu í Bandaríkjunum og Japan. Byggt á mánaðarlegum spám 240 stofnana víðsvegar um heim sem vegnar eru saman. Sýndar eru spár fyrir næstliðið ár, yfirstandandi ár og næsta ár, og er einn ferill fyrir hvert ár. Hver ferill sýnir því þróun spár um hagvöxt viðkomandi ríkis á viðkomandi ári.

Mynd 82. Leiðandi hagvísar (Leading Indicators) OECD

Heimildir: EcoWin, OECD. 6 mánaða breyting á árs kvarða. OECD, Bandaríkin, evrusvæðið, Bretland og Japan. Leiðandi hagvísar OECD eru samsettir og byggjast á breiðu safni annarra hagvísar.

Mynd 83. Væntingavísitölur á evrusvæðinu og í Bandaríkjunum

Heimildir: EcoWin, European Commission, The Conference Board í Bandaríkjunum og Institute for Supply Management (ISM Report on Business) í Bandaríkjunum. Sýndar eru væntingavísitölur fyrir neytendur og fyrirtæki.